

Anton Kári Halldórsson,  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Ormsvelli 1  
860 Hvolsvöllur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. ágúst 2013  
Tilvísun: UST20130600029/ksj


### Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2003 - 2015 í landi Stóru Markar.


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 5. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu aðalskipulagi Rangárþings eystra 2003 - 2015, í landi Stóru Markar.

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu í landi Stóru Markar felst í því að 14,4 ha svæði sem er skilgreint sem landbúnaðarsvæði verði svæði fyrir frístundabyggð. Um er að ræða þrjú samhangandi svæði, og eru austast Hólar, um 1,5 ha með einu frístundahúsi, Stórhóll 3,4ha og 9,5 ha svæði þar sem eru þegar 12 frístundahús. Svæðin eru í aðalskipulagsbreytingunni felld í eitt frístundasvæði. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdir á ofangreindum frístundalóðum falli vel að umhverfi sínu. Einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að vel sé staðið að frárennsli frá frístundahúsunum og að skilmálar um það komi fram í deiliskipulagi.

Á ofangreindum svæðum eru ekki svæði á náttúruminjaskrá eða svæði er njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2003 – 2015 í landi Stóru Markar.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun